

Breytingar á flokkun úrgangs – hvað þarf ég að gera?

Í upphafi árs tóku gildi ný lög um meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Í þeim er kveðið á um að flokka eigi í fjóra flokka við hvert heimili og fleiri flokka á grenndarstöðvum. Hvað þýðir þetta fyrir hinn almenna íbúa á Suðurnesjum?



Mismunandi útfærslur á tunnum



Í sérbýlum verða þrjár tunnur við hvert heimili en í fjölbýlum verða mismunandi útfærslur eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig. Meginmarkmiðið verður þó að fjölga tunnum eins lítið og hægt er. Íbúar þurfa ekki að panta nýjar tunnur fyrir utan heimili sín en gera þarf ráð fyrir auknum fjölda tunna og því gott að huga að því í tíma. Breytingarnar kalla einnig á nýja flokkunarsíði inni á heimilum og því þarf að huga að því hvernig flokkunum verði komið fyrir.

Söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi

Helsta breytingin er sú að nú hefst söfnun á matarleifum á Suðurnesjum og munu öll heimili fá körfu og bréfpoka til að safna þeim í eldhúsinu hjá sér. Allur lífræni eldhúsúrgangurinn sem mun safnast fer svo í gas- og jarðgerðarstöðina GAJU þar sem honum verður umbreytt í metangas og jarðvegsbæti (moltu).

Mikilvægt er að notaðir séu bréfpokar undir þennan úrgangsflokk þar sem þeir jarðgerast mun betur en aðrar tegundir poka sem prófaðir hafa verið.



Pappi / pappír og plast verður aðskilið




Önnur breyting er sú að nú verður pappi / pappír aðskilinn frá plastinu og þessum flokkum safnað í sitthvora tunnuna.

Þegar breytingin hefur tekið gildi verður einnig óheimilt að setja málma í endurvinnslutunnurnar við heimili en tekið er á móti málmum á grenndarstöðvum sem má finna víðsvegar um Suðurnes.

Tvískipt tunna fyrir matarleifar og blandaðan úrgang

Tvískiptar tunnur verða við sérbýli þar sem matarleifum verður safnað í annan hluta tunnunnar og blönduðum úrgangi í hinn.

Við fjölbýli eru nokkrar útfærslur en ein þeirra er að matarleifum verður safnað í minni tunnu.



Hvað verður um gömlu tunnurnar mínar?

Tunnurnar sem eru til staðar í dag verða nýttar áfram og mun önnur þeirra verða nýtt undir pappír & pappa og hin verður fyrir plast.

Merkingar

Allar tunnur verða merktar með samræmdum merkingum frá FENÚR og mun litur tunnunnar ekki skipta máli – það eina sem skiptir máli verður merkingin á tunnunni.

Hvað má fara í tunnuna?

Mikilvægt er að flokka rétt í tunnurnar til að skemma ekki endurvinnsluefnin sem verið er að safna. Betra er því að vanflokka en rangflokka til að tryggja gæðin á endurvinnsluefnunum.

Íbúar eru einnig hvattir til að nýta sér leitarvélina inná vefnum www.flokkum.is en þar er hægt að slá inn úrgangsefni og sjá í hvaða flokk hann á að fara og verða þannig enn betri í að flokka.



Í tunnu fyrir **matarleifar** fer meðal annars:

- Eggjaskurn
- Matarleifar, með og án beins
- Kaffikorgur
- Fiskiúrgangur
- Ávaxta- og grænmetisafskurður



Í tunnu fyrir **plastumbúðir** fer meðal annars:

- Snakkpokar
- Plastfilma
- Plastpokar
- Sjampóbrúsar

Í tunnu fyrir **pappír og pappa** fer meðal annars:

- Dagblöð
- Bréfpokar
- Pítsakassar
- Pappírsumbúðir



Í tunnu fyrir **blandaðan úrgang** fer meðal annars:

- Dömubindi
- Blautklútar
- Bleyjur
- Ryksugupokar

Grenndarstöðvar

Grenndarstöðvar verða áfram nýttar og mikilvægt er að fara með þangað þá úrgangsflokka sem ekki er safnað við heimilin. Þeir úrgangsflokkar sem safnað verður á grenndarstöðvum eru **málmar, gler og textíll** en þetta eru mikilvægir úrgangsstraumar sem ekki eiga heima í tunnunni með blönduðum úrgangi.

